

**Ed.**

## **227. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 37 frá 19. maí 1930, um skráning skipa.

Frá allsherjarnefnd.

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsg.::

Fyrir nafnbreytingu á skipi, sem er undir 30 rúmlestum, skal greiða 100 kr., en yfir 30 rúmlestum 300 kr., og renni gjald þetta í ríkissjóð.

**G r e i n a r g e r ð.**

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi skýringar:

Það hefur komið í ljós við framkvæmd skipaskráningarlaganna, að þegar eigandaskipti hafa orðið að skipum, hafa nafnbreytingar orðið svo tíðar, að erfitt hefur reynzt að halda skipaskrárm í lagi, bæði vegna þess, að menn hafa ekki gætt þess að sækja um nafnbreytingarleyfi til skipaskráningarstofunnar, eins og fyrir er lagt í fyrrgreindum lögum, og hins, að tilkynningar um nafnbreytingar hafa eigi borið í tæka tíð, svo að skirteini hafa þegar verið gefin út með gamla nafninu. Enn hefur það borið við, að engar tilkynningar um nafnbreytingu hafa verið sendar, og kostar það þá mikla fyrirhöfn að átta sig á því, um hvaða skip sé að ræða, þegar upplýsingar er beiðt um skipið. Fyrir því þykir hlýða, að ákveðið sé gjald fyrir nafnbreytingarleyfi, en það hefur hingað til verið veitt ókeypis, og hæfilegt gjald virðist mega áætla fyrir skip, sem eru undir 30 smál. brúttó, 100 kr., en yfir 30 smál. 300 kr.

Með þessu móti mætti ætla, að drægi úr hinum tíðu nafnbreytingum skipa, ef ekki, þá hlyti það að hafa í för með sér álitlega fúlgum í ríkissjóð.